

Borgarráð 4. desember 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um úttekt á aðgerðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur gegn Nýju Vínbúðinni - MSS25120026

Borgarráð samþykkir að beina því til innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar að framkvæma úttekt á aðgerðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) gagnvart Nýju Vínbúðinni og tengdu húsnæði að Skipholti 27, 105 Reykjavík. Það verði kannað hvort HER hafi sinnt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart Nýju Vínbúðinni, hvort HER hafi gætt meðalhófs í aðgerðum sínum gagnvart Nýju Vínbúðinni og hvort þær aðgerðir hafi reynst lögmætar og málefnalegar. Í framhaldinu verði verklag HER við sambærilegar aðstæður yfirfarið og eftir atvikum uppfært.